

Samningur um fjármögnun Afrekssjóðs ÍSÍ

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands kt. 670169-0499, í samningi þessum nefnt ÍSÍ, gera með sér svofelldan samning um framlög til Afrekssjóðs ÍSÍ. Samningurinn er gerður á grundvelli 40. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

1. Markmið

Markmið með samningnum er að styðja fjárhagslega við Afrekssjóð ÍSÍ. Afrekssjóður hefur m.a. það hlutverk að veita styrki til fremsta íþróttafólks þjóðarinnar í því skyni að efla árangur íslensks afrekssjóðs á alþjóðavettvangi.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Framlag til Afrekssjóðs á árinu 2017 tvöfaldast miðað við framlag ársins 2016 og verður 200 m.kr.
- 2.2. Ráðuneytið mun hækka framlag sitt árlega á samningstímanum um 100 m.kr. og verður það 300 m.kr. á árinu 2018 og 400 m.kr. árið 2019, enda hafi Alþingi samþykkt að svigrúm fái til að mæta þessum hækkunum í fjármálaáætlunum og fjárlögum komandi ára.
- 2.3. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, og við Alþingi.
- 2.4. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til málefna 19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsmál á grundvelli fjárlaga taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttu fjárhagsumhverfi.
- 2.5. Eftirfarandi lagaákvæði, sem aðilar hafa kynnt sér, liggja til grundvallar samningi þessum og teljast hluti hans eftir því sem við á: Íþróttalög nr. 64/1998, lög um ríkisendurskoðun nr. 86/1997, sem fjalla um skyldur og heimild Ríkisendurskoðunar til að endurskoða og hafa eftirlit með samningnum og lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- 2.6. ÍSÍ mun á sama tíma veita í Afrekssjóð af hlutdeild sinni í hagnaði af Lottó-starfsemi (sbr. Lög nr. 26/1986) sem nemi 8% af ágóðahlut ÍSÍ af Lottó-starfsemi, þó aldrei lægri upphæð en 12 m.kr. á ári.
- 2.7. Heimilt er að útlagður kostnaður og þóknun vegna umsýslu sjóðsins verði greiddur af sjóðsframlagi allt að 3 m. kr. á ári.

3. Ábyrgð

- 3.1. ÍSÍ sér um og ber ábyrgð á rekstri og úthlutun Afrekssjóðs og annast gerð samstarfssamnings við viðkomandi sérsambönd um hvern einstakan styrk til íþróttamanna og vegna styrkja til hópíþróttá.
- 3.2. Meðan þessi samningur er í gildi á formaður íþróttanefndar ríkisins sæti í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ sem fulltrúi ráðuneytisins.
- 3.3. Reglur um Afrekssjóð ÍSÍ skulu endurskoðaðar til samræmis við þennan samning eftir því sem ákvæði hans gefa tilefni til.

- 3.4. ÍSÍ ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. ÍSÍ skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar sé eftir því leitað.
- 3.5. ÍSÍ ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.6. ÍSÍ er óheimilt að:
 - 3.6.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.6.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit


- 4.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 4.2. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning viðskiptabanka ÍSÍ.
- 4.3. ÍSÍ skilar ráðuneytinu áætlun um úthlutun yfirstandandi árs, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu viðmið sem unnið verður eftir við úthlutun, fyrir lok mars.
- 4.4. Ráðuneytið boðar fulltrúa ÍSÍ a.m.k. á einn formlegan fund á ári um framkvæmd samningsins.
- 4.5. ÍSÍ ber að skila ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar. ÍSÍ veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytinu er heimilt að framkvæma eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið aðgang að gögnum hjá ÍSÍ sem viðkoma samningnum.
- 4.6. Fyrir lok maí næsta rekstrarárs skal ÍSÍ skila ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins og hvernig styrknum var ráðstafað.
- 4.7. Úthlutun fjárframlaga úr Afrekssjóði skal birta á vef ÍSÍ jafnóðum og niðurstaða liggur fyrir. Halda skal fjárreiðum Afrekssjóðs aðskildum frá öðrum rekstri ÍSÍ og gera grein fyrir þeim í ársreikningi. Ársreikningurinn skal sendur ráðuneytinu fyrir lok maí 2018 fyrir árin 2017 og 2016, síðan með sama hætti fyrir árin á eftir. Skal afrit af ársreikningunum sent Ríkisendurskoðun. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

5. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 5.1. ÍSÍ tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir ÍSÍ frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 5.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr, stöðva og endurkrefja um greiðslur uppfylli ÍSÍ ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 5.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 5.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


6. Gildistími


- 6.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.


Handwritten signature and initials in the bottom right corner of the page.

- 6.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði eða verkefni samningsins eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 6.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með sex mánaða fyrirvara.
- 6.4. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili eintaki.

Reykjavík, 28. júlí 2016



Illugi Guðmarsson
mennta- og menningarmálaráðherra


Lárus Blöndal
forseti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands


Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Vitundarvottar:


Sigurður Ingi Jóhannsson
forsælisráðherra


Líney R. Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands